

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 9. júlí 1997

um sameiginlega tækniforskrift um almennar tengikröfur vegna endabúnaðar við tveggja þráða hliðrænar leigulínur í ONP-kerfinu

(Texti sem varðar EES)

(97/486/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/263/EBE frá 29. apríl 1991 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE ⁽²⁾, einkum öðrum lið 2. mgr. 6. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvæði um gerðir endabúnaðar sem sameiginlega tækniforskrift þarf fyrir, svo og tilheyrandi yfirlýsingu um gildissvið.

Samþykkinga ber samsvarandi samhæfða staðla eða þá hluta þeirra sem eru til framkvæmdar grunnkröfunum sem breyta á í sameiginlegar tækniforskriftir.

Sameiginlega tækniforskriftin, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, er í samræmi við álit samþykkisnefndar endabúnaðar (ACTE).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi ákvörðun gildir um endabúnað sem tengja á við tengipunkt í almenna fjarskiptanetinu í tengslum við fast-

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 128, 23. 5. 1991, bls. 1.⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 220, 31. 8. 1993, bls. 1.

ar hliðrænar tveggja þráða leigulínur í ONP-kerfinu með bandbreidd fyrir venjuleg eða sérstök talgæði og fellur undir samhæfða staðalinn sem vísað er til í 1. mgr. 2. gr.

2. Í þessari ákvörðun er kveðið á um sameiginlega tækniforskrift sem gildir um almennar tengikröfur vegna endabúnaðar sem lýst er í 1. mgr.

2. gr.

1. Sameiginlega tækniforskriftin skal fjalla um samhæfða staðalinn sem hlutaðeigandi staðlastofnun hefur samíð til framkvæmdar grunnkröfunum sem um getur í c-, d- og f-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE. Tilvísun í staðalinn er að finna í viðaukanum.

2. Endabúnaður innan gildissviðs þessarar ákvörðunar skal vera í samræmi við sameiginlegu tækniforskriftina sem um getur í 1. mgr., uppfylla grunnkröfurnar sem um getur í a- og b-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE og uppfylla kröfur allra annarra gildandi tilskipana, einkum tilskipana ráðsins 73/23/EBE ⁽³⁾ og 89/336/EBE ⁽⁴⁾.⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 77, 26. 3. 1973, bls. 29.⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 139, 23. 5. 1989, bls. 19.

3. gr.

4. gr.

Tilkynntir aðilar, sem tilnefndir eru til að koma í framkvæmd málsmeðferðunum sem um getur í 9. gr. tilskipunar 91/263/EBE, skulu, að því er varðar endabúnað sem l. mgr 1. gr. þessarar tilskipunar gildir um, beita samhæfða staðlinum sem um getur í 1. gr. innan árs frá því að ákvörðunin er samþykkt, eða sjá til þess að honum sé beitt.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. júlí 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Tilvísun í gildandi samhæðan staðal

Samhæði staðallinn sem vísað er til í 2. gr. ákvörðunarinnar er:

Viðskiptafjarskipti (BTC)

Tæknilegar ONP-kröfur

Tveggja þráða hliðrænar leigulínur fyrir venjuleg eða sérstök talgæði (A20 og A2S)

Tengikröfur fyrir skil endabúnaðar

ETSI

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu

Aðalskrifstofa

TBR 15 — Janúar 1997

(að undanskildum formála)

Viðbótarupplýsingar

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu er viðurkennd samkvæmt tilskipun ráðsins 83/189/EBE ⁽¹⁾.

Samhæði staðallinn sem vísað er til hér að framan er saminn samkvæmt umboði sem gefið er út í samræmi við viðeigandi málsmeðferðarreglur tilskipunar 83/189/EBE.

Unnt er að fá orðréttan texta framangreinds samhæðs staðals með því að snúa sér til:

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu
650, route des Lucioles
F-06921 Sophia Antipolis Cedex.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna
DG XIII/A/2 — (BU 31 1/7)
Rue de la Loi 200/Wetstraat 200
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8.